



Þegar farið er frá skipi á léttbát er æskilegt að hafa meðferðis talstöð, ratsjársvara, ljós, neyðarblys og GPS-tæki.

SJÓSETNING LÉTTBÁTS

Þegar léttbátur er sjósettur verður verkaskipting skipverja sem að sjósetningunni koma og áhafnar léttbátsins að vera á hreinu. Ljóst skal vera hver stjórnar og hvert hlutverk hvers og eins er. Aldrei skal sjósetja léttbát nema eftir fyrirmælum vakthafandi skipstjórnarmanns.



Þegar léttbátur er sjósettur meðan skipið er á ferð verður að nota langlínu. Áður en léttbáturinn er sjósettur skal ganga úr skugga um að rétt sé gengið frá langlínunni og að allur nauðsynlegur búnaður sé meðferðis og í lagi. Ferð skipsins á ekki að vera meiri en 3 – 5 hnútar við sjósetninguna og er vél bátsins gangsett áður en honum er slakað gætilega í sjó.




Þegar léttbáturinn er kominn í sjó er hraði hans samstilltur við hraða skipsins þannig að aðeins slakni á langlínunni en þá má losa hífkrókinn og að lokum langlínuna. Hraði léttbátsins og skipsins á að vera sá sami þegar báturinn er laus frá skipinu og á þeim hraða er léttbáturinn látinn færa sig rólega frá skipinu. Þá er bætt aðeins við ferð léttbátsins

og hægt er að láta bógöldu skipsins hjálpa til við að yta bátnum frá skipinu.


MAÐUR TEKINN ÚR SJÓ

Þegar siglt er að manni í sjó þarf einn úr áhöfn léttbátsins að benda stjórnanda bátsins á staðinn þar sem maðurinn flýtur. Siglt skal að mannum á móti vindi og öldu. Þegar komið er að honum skal gæta þess að maðurinn lendi ekki í skrúfu léttbátsins. Léttbáturinn skal hafður þannig að maðurinn í sjónum sé vindmegin við léttbátinn. Þaðan skal hann dreginn um borð en gæta skal þess að taka þarf slasaðan, ofkældan eða meðvitundalausan mann láréttan um borð og leggja hann niður með höfuðið aftur.




GÚMMIBÁTUM SAFNAÐ SAMAN

Léttbátur fiskiskips á að geta safnað saman björgunarflekum (gúmmibátum) og geta dregið stærsta björgunarflekann sem tilheyrir skipinu þegar hann er fullhlaðinn. Þegar dregið er með léttbát með utanborðsmótor þarf að nota hanafót sem festur er sitt hvorum megin og framan við mótorinn en dráttartaugin látin liggja frá hanafætinum í það sem dregið er. Þannig fæst betri stjórn hæfni en ef dráttartóg er eingöngu fest í annan festihæl léttbátsins.



LÉTTBÁTUR TEKINN UM BORD

Áður en léttbátur er siglt að skipi skal tilkynna stjórnanda skipsins um það. Ef taka á léttbátinn upp á ferð skal skipið sett á hæga ferð, 3 – 5 hnútar, og því siglt upp í vind og sjó en þó þannig að skjól verði þeim megin við skipið þar sem taka á léttbátinn um borð.



Léttbáturinn siglir til hliðar við skipið en í hæfilegri fjarlægð. Þegar hraði léttbáts og skips hefur verið samstilltur færir léttbáturinn sig rólega að skipshlið milli bógöldu og skutöldu. Þegar báturinn er kominn undir sjósetningarbúnaðinn er langlínunni slakað niður og hún tengd. Hægt er á ferð bátsins þar til strekkist á langlínunni og þá er léttbáturinn tengdur í hífkrókinn. Þegar allt er klárt gefur stjórnandi bátsins fyrirmæli um að hífa megi léttbátinn upp. Þegar léttbáturinn er kominn vel upp úr sjó má drepa á mótornum

Léttbáturinn og kælikerfi mótorsins skulu skoluð með ferskvatni. Fylla skal á eldsneytisgeyma og ganga frá bátnum og sjósetningarbúnaði þannig að hann sé tilbúinn til notkunar.

Hafið skriflegar verklagsreglur um notkun léttbátsins í ykkar skipi og vinnið samkvæmt þeim!

ÁBYRGÐ ÁHAFNAR


Tryggja þarf að frágangur björgunarbúnaðar sé réttur, aðgengi að björgunarbúnaði sé ávallt gott og að engar hindranir séu í vegi fyrir losun og sjósetningu björgunarfara.

Gangið ávallt rétt frá björgunarbúnaði skipsins!



NEYÐARBÚNAÐUR Í FISKISKIPUM III

LÉTTBÁTAR



Tekningar: Óðinn Ólafsson

Kynnið ykkur fræðslufni um öryggismál á vefnum www.sigling.is



Gefið út af Singingastofnun Íslands. Unnið í samstarfi við verkefnisstjórn áætlunar um öryggi sjófarenda. Apríl 2009

REGLUR

Í reglugerð nr. 122/2004 um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd eru kröfur um léttbáta í fiskiskipum skilgreindar.

Í fiskiskipum 30 metrar að lengd eða lengri skal vera léttbátur, en sé skipið búið björgunarfari sem fullnægir ákvæðum reglugerðarinnar um léttbát sem unnt er að ná aftur um borð að lokinni björgunaraðgerð getur það komið í stað hans.

Almennt gildir að eingöngu má nota viðurkenndan björgunarbúnað í íslenskum skipum.

SKILGREININGAR

„Sjósetningarbúnaður eða fyrirkomulag“ eru tæki til að flytja björgunarfara eða léttbát frá geymslustað á öruggan hátt niður í sjóinn.

„Léttbátur“ er bátur sem er hannaður til að bjarga mönnum í neyð og safna saman björgunarförum.

SKOÐUN OG ÞJÓNUSTA

Áður en skip lætur úr höfn og ávallt meðan á ferð þess stendur skal allur björgunarbúnaðurinn vera í nothæfu ástandi og tilbúinn til tafarlausrar notkunar.

Gerð er krafa um að áhöfn:


- hafi eftirlit með björgunarbúnaði áður en skip lætur úr höfn
- hafi vikulegt eftirlit (sjónskoðun) með léttbát og sjósetningarbúnaði til að tryggja að hann sé tilbúinn til notkunar
- gangsetji vélar léttbáts vikulega og skal vél látin ganga áfram og aftur á bak í samtals a.m.k. þrjár mínútur (að því tilskildu að umhverfishitastig sé yfir lágmarkshitastigi því sem krafist er til að gangsetja vélina)
- hafi mánaðarlegt eftirlit með öllum björgunarbúnaði eftir gátlista og skal það skráð í þjónustuhandbók skipsins

Viðgerðir og viðhald á uppblásanlegum léttbátum skal ávallt fara fram í samræmi við fyrirmæli framleiðanda. Heimilt er að bráðabirgðaviðgerð fari fram um borð í skipinu en endanleg viðgerð skal, samt sem áður, fara fram hjá samþykktri þjónustustöð.

Reglubundið eftirlit og viðhald þarf að vera á sjósetningarbúnaði. Fara skal yfir víra, króka og lása, smyrja núningsfleti og viðhalda góðu ástandi á bremsum og stjórnúnaði.

FRÁGANGUR LÉTTBÁTA


Léttbátur á ávallt að vera tilbúinn til tafarlausrar notkunar, með eldsneytisgeyma fulla og allan tilskilinn búnað um borð. Uppblásinn léttbátur skal ávallt geymdur fulluppblásinn.



SJÓSETNINGARBÚNAÐUR LÉTTBÁTA

Almennt gildir að búnaður og aðferðin við að sjósetja og ná léttbáti aftur um borð eiga að vera samþykkt. Þessi krafa gildir þó ekki um gömul skip samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar.

Fyrirkomulag sjósetningarbúnaðar léttbáts á að vera þannig að hægt sé að sjósetja bátinn og taka hann aftur um borð fljótt og örugglega, fullhlaðinn mönnum eða ómannaðan, þótt skipið sé með allt að 20° slagsíðu og allt að 10° stafnhalla á hvorn veginn sem er.



Sjósetningarbúnaður á að vera þannig að hægt sé að sjósetja léttbátinn án þess að nota aflgjafa skipsins.


Sjósetningarbúnaðinum skal komið þannig fyrir að einn maður geti stjórnað honum frá þilfari skipsins og frá léttbátinum. Maðurinn sem stjórnar sjósetningarbúnaðinum skal geta fylgst með léttbátinum frá þeim stað á þilfarinu sem hann stendur.

MERKINGAR

Helstu mál léttbáts og fjölda manna sem honum er heimilt að bera eiga að vera skráð á bátinn með greinilegu og varanlegu lettri.

Nafn og heimahöfn skipsins sem léttbáturinn tilheyrir skal merkt á báða kinnunga bátsins með blokk-hástöfum rómverska stafrófsins.

Léttbáturinn skal merktur þannig að unnt sé að greina úr lofti hvaða skipi báturinn tilheyrir, svo og númer hans.



Auk þessa eiga uppblásnir léttbátar að vera merktir með raðnúmeri, nafni framleiðanda eða vörumerki og framleiðsludegi.

KRÖFUR UM ÆFINGAR

Í VIII. kafla reglugerðar nr. 122/2004 er gerð krafa um eftirfarandi:

„Léttbátar, aðrir en lífbátar, sem einnig teljast vera léttbátar, skulu, eins og skynsamlegt er og við verður komið, sjósettir í hverjum mánuði með þeirri áhöfn, sem þeim er ætlað að flytja, og skal þeim siglt og stjórnæki hans reynd. Þetta ákvæði skal uppfyllt a.m.k. einu sinni á hverju 3ja mánaða tímabili.“

„Ef æfingar, þar sem lífbáti og léttbáti er slakað niður, eru haldnar meðan skipið er á ferð, skulu slíkar æfingar, vegna hættu, sem þeim er samfara, haldnar þegar skipið siglir í vari og undir eftirliti yfirmanns, sem hefur reynslu í slíkum æfingum.“

Æfingar skulu haldnar í samræmi við fyrirmæli neyðaráætlunar skipsins!

BÚNAÐUR LÉTTBÁTA

Búnaður léttbáta, að frátöldum krókstjaka, á að vera skorðaður tryggilega og ávallt þannig fyrirkomið að hann hindri ekki eðlilega notkun bátsins.

Í léttbát fiskiskips eiga að vera:

- Flothæfar árar og ræði
- Flothæft austurtrog
- Áttaviti, sjálflýsandi eða búinn ljósi
- Rekakeri og akkeristaug (a.m.k. 10 metra)
- Fangalína
- Flotlína (a.m.k. 50 metra)
- Vatnspolið rafljós ásamt varaperu og –raflöðum
- Flauta/hljóðgjafi
- Vatnspolinn sjúkrakassi
- Tveir flothæfir kasthringir með flotlínu (a.m.k. 30 m)
- Leitarljós

- Ratsjárspigill
- Einangrunarpokar (a.m.k. 2 stk.)
- COSPAS/SARSAT neyðarsendir (skip ≥ 24 metrar)
- Krókstjaki
- Fata
- Hnífur eða lítill handöxi

Í uppblásnum léttbát skal auk þess vera:

- Flothæfur öryggishnífur
- Tveir svampar
- Handvirk dæla eða belgur
- Viðgerðarsett vegna leka
- Krókstjaki með öryggiskrók

Hafi léttbátur verið um borð í skipi fyrir gildistöku reglugerðar nr. 122/2004 þarf í stað ofanefnds búnaðar eingöngu að vera:

- Flothæfar árar í öllum ræðum og ein varaár
- Krókstjaki
- Austurtrog
- Flothæfur kasthringur með 30 m langri línu
- Fangalína (a.m.k. 10 metra)
- Handblys (6 stk.)

ÁHÖFN LÉTTBÁTS

Í áhöfn léttbáts þurfa að vera tveir til þrír samstilltir skipverjar sem hafa fengið góða þjálfun í sjósetningu og notkun bátsins við björgunarsköf. Mikilvægt er að áhöfnin hafi sótt námskeið í notkun léttbáta.

Áhöfn léttbátsins þarf að vera vel útbúin, klædd flotbúningum og hafa öryggishjalma á höfði.

